

Nd.

500. Nefndaralit

um tekjubálg frumv. til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir farið nákvæmlega yfir tekjubálg fjárlagafrumv. fyrir næsta

fjárhagstímabil og leggur til að tekjuáætlun sú, sem gerð er í frumv., verði færð niður í heild sinni um 120000 kr. á ári eða 240000 kr. á fjárhagstímabilinu. Hefir það vakað fyrir nefndinni að áætla varlega, til þess að reyna að komast hjá því, að tekjur verði minni en gert er ráð fyrir. En vel má vera, að áætlun stjórnarinnar reynist rjettari en áætlun nefndarinnar; um það verður ekkert full- yrt. En með hliðsjón af tekjum undanfarandi ára, því ástandi sem nú er og lík- unum fyrir inn- og útflutningi, hefir nefndin eigi sjeð sjer fært að fara hærra í tekjuáætluninni en hún hefir gert.

Um hinar einstöku tillögur nefndarinnar skal það tekið fram, sem hjer greinir:

Áætlun stjórnarinnar um ábúðar- og lausafjárskatt, húsaskatt og tekju- skatt lætur nefndin halda sjer, og sómuleiðis áætlunina um erfðafjárskatt og leyf- isbrjefagjöld, en vill færa niður aukatekjur um 10000 kr. á ári og vitagjald um 15000 kr., vegna þess, hversu mikið sala fasteigna minkar um sinn og lítið er um skipaferðir.

Útflutningsgjald leggur nefndin til að verði lækkað um 70000 kr. á ári, og virðist það eigi of mikið, þegar tekið er tillit til að vænta má, að framleiðsla til sjávar minki stórkostlega.

Áfengistoll og tóbakstoll vill nefndin hækka, hinn fyr nefnda um 10000 kr. á ári og hinn síðar nefnda um 75000 kr. á ári, hvort tveggja með hliðsjón af frumv. um hækkun á þessum toll-liðum, sem nú liggur fyrir Alþingi og líkur virðast til að verði samþ.

Kaffi- og sykurtoll og vörutoll virðist nefndinni eigi mega áætla hærri en 500000 kr. á ári hinn fyrnefnda og 300000 kr. á ári hinn síðarnefnda, bæði vegna þess, að landsmenn munu spara nokkuð við sig og vegna aðflutninga- teppu.

Pósttekjur vill nefndin enn fremur að sinni færa niður um 10000 kr. á ári, sjerstaklega vegna misbresta á póstsambandi við útlönd.

Liðinn um tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli hefir nefndin látið halda sjer, þótt vafasamt sje, að námurnar gefi tekjur á næsta fjárhags- tímabili.

Greiðslur frá prestaköllum samkv. lögum 27. febr. 1880 hefir nefndin fært niður um 200 kr. á ári og bætt við athugasemd um, að presturinn í Breiða- bólsstaðarprestakalli megi verja afgjaldi prestssetursins á sama hátt og undan- farin ár.

Fleiri breytingartillögur hefir nefndin ekki gert og mun reynt að gera frekari grein fyrir þeim við framsögu málsins. Sómuleiðis mun þá reynt að gera nokkra grein fyrir fjárhagsútlitinu í lok þessa árs.

Alþingi, 16. ágúst 1917.

Magnús Guðmundsson,
form. og framsögum.

Gísli Sveinsson,
skrifari.

Pórarinn Jónsson. Þorsteinn M. Jónsson. H. J. Kristófersson.